

Nd.

332. Nefndarálit

[108. mál]

um frv. til l. um Jarðboranir hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Nefndin telur að öll sveitarfélög eigi að njóta sambærilegra kjara í viðskiptum við þetta nýja fyrirtæki, Jarðboranir hf.

49. gr. orkulaga hljóðar svo:

„Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess, að borkjarnar og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveisit.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.“

Ákvæði 49. gr. orkulaga eru áfram í gildi og gilda gagnvart Jarðborunum hf. með sama hætti og þau gilda nú gagnvart Jarðborunum ríkisins.

Vakin skal athygli á því að ákvæði 49. gr. gilda um skyldur *þess sem lætur bora* og réttur Orkustofnunar til að gefa þessum aðila fyrirmæli er ótvíræður og skerðist ekki.

Orkustofnun hefur ekki húsbónavalda yfir Jarðborunum hf. á sama hátt og Jarðborunum ríkisins en sérstakt lagaákvæði um upplýsingaskyldu Jarðborana hf. mun ekki breyta þessu. Rétt er að vekja athygli á að húsbónavalda Orkustofnunar yfir Jarðborunum ríkisins er nú samkvæmt ráðherrabréfi (sbr. 54 gr. orkulaga) og er því ekki tryggt með lögum. Þar sem lagalegur réttur Orkustofnunar til að krefja Jarðboranir ríkisins um upplýsingar er eingöngu byggður á 49. gr. orkulaga og engum öðrum ákvæðum laga verður sama lagaskylda í gildi gagnvart Jarðborunum hf.

Einn nefndarmanna, Páll Pétursson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1985.

Friðrik Sophusson,
varaform., frsm.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Ólafur G. Einarsson.

Jón Baldwin Hannibalsson.

Svavar Gestsson.

Halldór Blöndal.